

Skýrsla stjórnar 2018 -2019

Brasað í Betadeild

Veturinn 2018-2019 voru haldnir átta deildarfundir. Stjórnin hittist snemma um haustið og skipti með sér verkum: Elín Magnúsdóttir ritari, Hugrún Sigmundsdóttir varaformaður, Fríða Pétursdóttir meðstjórnandi, Aníta Jónsdóttir fráfarandi formaður, Sigríður Magnúsdóttir formaður og Martha Lilja Olsen sem gjaldkeri. Stjórnin kom saman fyrir hvern deildarfund en nýtti einnig facebook og messenger til að undirbúa og eiga samskipti. Stjórnin var samstíga og vann vel. Ákveðið var að vinna út frá því markmiði DKG: Að fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnámálum og menntámálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna. Einkunnarorðin voru *Nærandi samfélag*.

Vetrarstarfið hófst með ferð Beta og Mý kvenna til Sauðárkróks til fundar við Nýdeild. Ekið var að Sútunarstöðinni, þar var kynning á starfsemi fyrirtækisins og Sjávarleðurs og gefinn kostur á að versla í Gestastofu Sútarans. Síðan var haldið á Kaffi Krók þar sem Nýsystur tóku formlega á móti Beta- og Mýsystur. Jenný Þórkatla Magnúsdóttir formaður Nýdeildar bauð konur velkomnar og hóf dagskrána með skemmtilegu bingói sem fékk konur til að spjalla saman og kynnast í leiðinni. Konur nutu svo samveru og góðra veitinga fram eftir kvöldi og verður framhald á samvinnu þessara þriggja deilda. Þann 5. október héldu Beta- og Mýsystur þriðja samræðuþing í tilefni af Alþjóðadadegi kennara. Að þessu sinni var þingið haldið í Hofi og bar yfirskriftina: *Að vera kennari lygilega gaman* og fjallaði um gleðina í kennslu. María Pálsdóttir leikkona var með hugleiðingu um kennarastarfið og stýrði hópavinnu. Þingið var vel heppnað og fór fólk vel nestað heim með hugmyndir sem nýta má í kennslu. Fyrsti formlegi fundur Betadeildar var svo haldinn í Brekkuskóla 15. október þar sem vetrardagskráin var kynnt og tvær nýjar konur boðnar velkomnar í deildina, Aðalbjörg Bragadóttir og Sigurbjörg Rún Jónsdóttir. Gestur fundarins var Anna Soffía Víkingsdóttir sérfræðingur hjá Háskólanum á Akureyri, júdóþjálfari og baráttukona í Meetoo byltingunni. Hún sagði Betakonum frá vinnu sinni í baráttumálum kvenna innan íþróttahreyfingarinnar. Jafnframt því sem Anna Soffía lýsti sínu starfi og hugmyndum mátti greina mikinn áhuga Betakvenna fyrir málefnum og var baráttuandinn sannarlega til staðar. Anna Soffía fékk lof í lófa fyrir framtak sitt í málefnum kvenna í íþróttum og hvatningu um framhaldið. Vakin var svo athygli á Kvennafrídegnum 24. október og voru konur hvattar til þátttöku á samstöðufundi á Ráðhústorgi. Þess ber að geta að Betakonur létu sig ekki vanta á samstöðufundinn.

Þá var komið að sameiginlegum jólafundi Beta og Mý deilda. Stjórnir deildanna funduðu og skiptu bróðurlega með sér verkum. Veðrið setti strik í reikninginn og varð verra en nokkru sinni, það kyngdi niður snjó og konur voru veðurteptar heima og að heiman. Fresta varð fundi en jafnframt varð að halda hann daginn eftir áætlaðan tíma þar sem búið var að gera ráðstafanir með veitingar. Það voru í raun allir kostir slæmir því veðrið var lítið betra seinni daginn. Jólafundur Beta- og Mýsystra var svo haldinn í Brekkuskóla 30. nóvember 2018

margar konur voru löglega afsakaðar vegna veðurs og ófærðar. Fundurinn var samt sem áður ágætur, ánægja var með veitingarnar sem voru óvenju miklar að þessu sinni:-), lesnar voru góðar jólasögur og Eygló Björnsdóttir var með skemmtilegar þælingar í aðdraganda jóla. Álagið við að vera ekki stressaður yfir bakstri eða hreingerningum en þurfa í staðinn að njóta aðdraganda jóla með því að mæta á alla viðburði hjá öllum en það getur nú reynst krefjandi líka.

Vorönnin hefur liðið hratt og vel í Betadeild. Árið hófst á bóka fundi þar sem fjallað var um fjölbreytt úrval bóka, tekinn saman bókalisti og í lokin fór fram val á tveimur bókum til að fjalla um á fundi í mars. Bækurnar tvær voru svo teknar til umræðu á leshringsfundum sem haldinn var að Norðurslóð. Sá fundur var vel heppnaður og alltaf gaman að ígrunda og ræða bækur með skemmtilegum vinkonum. Bækurnar sem voru til umræðu fjölluðu báðar um konur sem höfðu fetað óhefðbundna leið í lífinu.

Febrúarfundur var haldinn í Menntaskólanum á Akureyri þar sem gestafyrirlesarar voru Alfa Aradóttir deildarstjóri forvarna- og frístundadeildar Akureyrarbæjar og Bryndís Elfa Valdemarsdóttir verkefnastjóri á skrifstofu samfélagssviðs. Þær kynntu fyrir Betakonum innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hjá Akureyrarbæ sem er fyrsta sveitarfélagið til að innleiða sáttmálann. Alfa og Bryndís fjölluðu m.a. um hvað felst í barnvænu samfélagi skv. sáttmálanum, kynnt var aðgerðaráætlun Akureyrarbæjar við innleiðingu sáttmálans.

Aprílfundur var haldinn í húsnæði fræðslusviðs. Fyrir þann fund höfðu konur kynnt sér Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og á fundinum var því velt upp hvernig okkar félag getur lagt sitt af mörkum. Umræður fóru fram í hópum og í lokin voru niðurstöður teknar saman. Ljóst er að þessari vinnu verður haldið áfram. Eftir umræðurnar var erindi frá Evu Harðardóttur, framhaldsskólakennara og doktorsnema í menntavísindum. Hún þekkir vel til starfsemi Sameinuðu þjóðanna og hefur starfað í Malaví og á fleiri stöðum þar sem hún hefur unnið að framgangi menntunar barna sérstaklega. Þetta var magnaður fyrirlestur sem vakti áhuga og umhugsun hjá fundarkonum sem höfðu getað setið lengi og rætt efni hans.

Lokafundur var haldinn á Hótel Kjarnalundi 17. maí þar sem Anna Þóra Baldursdóttir fór með orð til umhugsunar. Farið var yfir starf vetrarins en fyrst og fremst nutu konur félagsskaparins með góðum veitingum og í fallegu umhverfi.

Betakonur hafa verið virkar í starfi DKG. Deildin á tvær konur í stjórn: 1. varaforseta Jónínu Hauksdóttur og ritara Anítu Jónsdóttur einnig hefur Eygló Björnsdóttir verið mjög virk og tekið þátt sem fráfarandi formaður DKG ásamt því að vera öflugasti vefstjóri norðan Alpafjalla.

Það er líka virkni þegar konur nýta sér það sem samtökin hafa að bjóða eins og að sækja um styrki en Aníta Jónsdóttir fékk úthlutað styrk úr International Scholarship sjóðnum.

Árið 2019 eiga óvenju margar félagskonur í Betadeild stórafmæli og gefur deildin þeim sannar gjafir frá Unicef til barna í neyð. Það er því óhætt að segja að þennan vetur hafi Betadeild látið sig samfélagið og heiminn varða.

Akureyri, maí 2019
Sigríður Magnúsdóttir

